

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum.

1. gr.

Úr upptalningu tollskrárnúmera í A lið 2. gr. reglugerðarinnar falli brott tilvísanir við tollskrárnúmerin 07.02.00 og 20.02.09 í neðanmálgreinar, þannig að kartöflur, soðnar, frystar eða tilreiddar verði framvegis gjaldskyldar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum öðlast gildi frá og með 1. janúar 1985.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1984.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl.

1. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 4 000 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 1 000 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan er greinir í 1. og 2. málslið 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 1 000 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 3 000 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 4 000 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 1 000 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ. m. t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlandis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlandis. Magn matvæla (þ. m. t. sælgæti) sem hver ferðamaður flytur til landsins má að hámarki nema 10 kg að þyngd, en andvirði þess má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 2 000 kr. Magn eldsneytis má að hámarki vera 200 l. Innflutningur annars eldsneytis en er í innbyggðum eldsneytisgeymi bifreiðar er óheimill.